

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 18. stjórnarfundar, haldinn 17. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 09:00-.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat einnig fundinn undir liðum 2 og 3 og Þórólfur Jónsson undir lið 4 gegnum síma.

Örn Viðar Skúlason vék af fundi á meðan ákvörðun var tekin um kaup á einni eign.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir 17. fundar

Fundargerðir 17. fundar samþykkt.

2. Afgreiðsla umsókna

Rætt um verkferlið við afgreiðslu umsókna og nokkrar leiðir til umbóta og til að hraða afgreiðslu.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 47 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í 46 tilvikum. Ein eign taldist þurfa nánari skoðun. Átta eignir voru óveðsettar. Í öðrum tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvörum. Í 38 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að ganga megi frá kaupum þegar undirritaðir samningar við lánveitendur liggja fyrir. Í 26 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing fái frá húsfélagi, ef það er til staðar, vegna íbúða í fjöleignarhúsum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Staða samninga við lánveitendur, ríkið og félagið

ÞJ fór yfir helstu efnisatriði í samningum við lánveitendur sem varða verklag félagsins við kaup á eignum, nauðsynleg samskipti við Náttúruhamfaratryggingu Íslands o.fl.

5. Önnur mál

Alls hefur félagið nú tekið ákvörðun um kaup á 126 íbúðarhúsum í Grindavík. Af þeim hefur verið gengið frá undirritun kaupsamninga í átta tilvikum. Meiri hluti ákvarðana var tekinn með fyrirvörum.

Á fundinum fór fram umræða um þörf félagsins fyrir starfsfólk. Samþykkt að framkvæmdastjóri gangi til samninga við lögfræðing um fullt starf hjá félaginu.

Ákveðið að birta fréttatilkynningu á vef félagsins í lok vikunnar. Í henni komi m.a. fram upplýsingar um fjölda umsókna, fjölda ákvarðana um kaup, fjölda frágenginna kaupsamninga o.fl.

Næsti stjórnarfundur verður 19. apríl kl. 09:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:00.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir